

Umsögn vegna Teningsins fyrir árið 2023

Teningurinn 2023 – Almannavarnir

Teninginn fyrir árið 2023 hljóta Almannavarnir fyrir varnaraðgerðir í tengslum við eldsumbrotin á Reykjanesi.

Varnaraðgerðir Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna eldsumbrota á Reykjanesi hafa vakið verðskuldaða athygli, ekki síst út frá verkfræðilegu sjónarhorni. Byggðir hafa verið leiðigarðar til að stýra hraunrennsli og varnargarðar til að verja Svartsengi og háspennulínur og aðra mikilvæga lagnainviði.

Hraunvarnargarðarnir við Svartsengi og Grindavík eru einstök framkvæmd. Hönnun þeirra samnýtir þekkingu frá nokkrum fræðasviðum, aðallega jarðtækni, straumfræði, stífluhönnun og eldfjallafræði. Garðarnir eru enn í byggingu en hafa engu að síður nýst til að beina hrauni frá Grindavík í tveimur gosum, auk þess sem varnir við möstur hafa tryggt orkuafhendingu frá Svartsengi.

Í fyrstu gosunum á Reykjanesi árið 2021 voru ýmsar prófanir gerðar til að verja lagnainviði í jörðu og til að hemja og stýra hraunrennsli. Prófaðar voru mismunandi útfærslur og hitastig í jarðvegi mælt.

Staðsetning, hæðir og stefna varnargarða byggir á flóknum hraunflæðilíkönum sem nýtt hafa verið til að spá fyrir um hraunflæði samkvæmt mismunandi sviðsmyndum.

Að baki liggur fjölþætt og í rauninni einstök samvinna margra aðila. - Jarðvísindafólks, verkfræðinga, verktaka, veitufyrirtækja, viðbragðsaðila og verkkaupa. Jarðvísindafólk Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands hafa lagt til nauðsynlegar forsendur um líklega staði hraunrennslis og líklegt magn hraunflæðis, straumfræðiteymi Verkís hefur nýtt þær forsendur til að herma hraunrennsli fyrir ólíkar sviðsmyndir og valið legu og hæðir varnargarða til að hámarka virkni þeirra. Hermunarteymi Verkís og Veðurstofunnar hafa síðan prófað hönnunina með hraunhermunum þar sem varnargarðum og öðrum aðgerðum hefur verið bætt við landlíkan. Hönnuðir Eflu hönnuðu varnareyjur fyrir háspennumöstur, þar sem ekki er hægt að verja línuleiðir í heild sinni. Verkís og Efla hafa hannað varnaraðgerðir og haft umsjón með framkvæmdunum og úrlausn mála í viðbragðsástandi á staðnum. Verktakarnir Ístak, ÍAV, Ellert Skúlason, Jón og Margeir, GG Sig og Suðurverk brugðust hratt við kallinu og hafa lyft grettistaki síðastliðna mánuði, auk þess sem verkið hefur hagnast af reynslu þeirra og lausnarmiðaðri hugsun. Viðbragðsaðilar hafa tryggt öryggi. Vegagerðin og Almannavarnadeild fjármagnað aðgerðirnar. Loks hafa stjórnvöld og leyfisveitendur lagt sitt af mörkum til að unnt væri að ráðast í þessar umfangsmiklu aðgerðir í tæka tíð. Mun fleiri hafa lagt hönd á plóg og stutt við aðgerðirnar með ýmsum hætti en of langt mál er að telja þá alla.

Náðst hefur að verja að langmestu leyti byggð og mikilvæga innviði í miklum náttúruhamförum. Afar fá dæmi eru aðgerðir sem þessar við sambærilegar aðstæður erlendis. Er talið fullvíst að nýta megi þá reynslu og þekkingu sem hér hefur orðið til víða um heim.

Í varnaraðgerðum Almannavarna í tengslum við eldsumbrotin á Reykjanesi kemur saman hugvit, einstök fagþekking, færni og samtakamáttur.